

## **Fundur í fræðslunefnd Langanesbyggðar haldinn í Menntasetrinu miðvikudaginn 13. febrúar kl 16:00**

**Mættir:** Siggeir Stefánsson, Kristinn Lárusson, Sigríður Jóhannesdóttir og Hildur Stefánsdóttir í gegnum fjarfundarbúnað frá Laugum. Ólöf Arnmundsdóttir forfallaðist og ekki tókst að ná inn varamanni fyrir hana.

Siggeir setti fundinn og spurði hvort væri gerð athugasemd við fundarboð og svo var ekki.

### **1. Umbótaáætlun:**

Ingveldur fékk frest frá ráðuneytinu til að skila umbótaráætluninni til að geta haft hana ítarlegri. Ákveðið að senda umbótaráætlunina á fræðslunefndina til yfirlestrar en henni þarf að skila innan skamms. Mikið búið að gerast í skólanum frá því þessi umbótaráætlun var gerð. Ingveldur hefur verið að nýta sér þessa umbótaráætlun í sínu starfi og telur gott að hafa haft hana til hliðsjónar. Umræður í framhaldinu um umbótaráætlunina. Nefndarmenn beðnir um að hafa huga hlutverk fræðslunefndar og stefnu Langanesbyggðar í skólamánum þegar umbótaráætlunin er lesin yfir.

Mikilvægt að marka stefnu fyrir skólana og samræma hana á milli skóla. Siggeir kynnti að hann hefur rætt við Ingveldi um að gerð verði skólastefna fyrir Langanesbyggð. Jóhanna aðstoðarskólastjóri er byrjuð á því að vinna rammann fyrir nýja skólastefnu. Síðan þarf væntanlega stærri hóp til að koma að og vinna með það áfram. Skólastefnan er því komin í vinnslu en þetta hefur gengið of hægt. Ef nefndarmenn hafa einhverja hugmyndir um að koma þessu í einhvern annan farveg þá endilega koma því á framfæri sem fyrst.

### **2. Skólastarf:**

Skólastarfið í Grunnskólum Langanesbyggðar rætt. Mjög góður árangur hefur verið að nást í báðum skólum sem er mjög jákvætt. Ýmsar breytingar hafa verið gerðar í Grunnskólanum á Þórshöfn sem hafa verið að takast vel. Í haust var bætt verulega í stjórnunarþátt grunnskólans á Þórshöfn og það hefur reynst nokkuð vel að mati nefndarmanna. Góður árangur hefur náðst með breyttar kennsluaðferðir í báðum grunnskólunum í samstarfi við Ingvar Sigurgeirsson. Er mikil ánægja með það verkefni sem Ingvar er að vinna með skólunum.

### **3. Framtíðarsýn:**

Nefndarmenn ræddu framtíðarsýn Grunnskólanna í Langanesbyggð. Nefndarmenn ræddu fyrirhugaðan fund um skólamál á Bakkafirði. Mikilvægt fyrir sveitarstjórnarmenn að fá að heyra hljóðið í íbúum á Bakkafirði um skólamálin.

Siggeir búið að biðja Ingveldi um að skoða hver er framtíðarþörfin er á húsnæði fyrir Grunnskólann á Þórshöfn. Mikilvægt að skoða þetta í samhengi við fyrirhugaða byggingu nýs leikskóla á Þórshöfn.

Skólalóðin við Grunnskólann á Þórshöfn rædd. Vantar meiri fjölbreytileika á skólalóðina.

Búið að vera að skoða möguleikana á meiri raungreinakennslu við skólann. Þarf að skoða hvernig er hægt að leysa þetta og koma á slíkri kennslu.

#### 4. Skólastefna LNB:

Það var komið inn á þetta í fyrri liðum. Mikilvægt að fara að koma á skólastefnu fyrir Langanesbyggð sem fyrst.

#### 5. Önnur mál,

Samningur vegna skólaþjónustunnar var rædd. Mikilvægt að hafa þessa þjónustu en það verður að skoða þessa samninga og hvað þeir eru að kosta okkur. Höfum ekki ennþá fengið kostnaðarútreikninga en þegar þeir koma þurfum við að setjast yfir málið og ákveða hvernig skynsamlegt er að leysa málið. Skólaþjónustan er mikilvæg fyrir okkur en við þurfum hins vegar að passa upp á að nýta hana vel og rétt og hugsanlega þarf að fara yfir forgangsröðun í þessum efnum. Þarf að fara yfir það með stjórnendum allra skólanna hvað þessi þjónusta er að kostar og hver sé þörfin.

Fleira ekki gert

Fundi slitið 18:15